

# *Samstarfssamningur*

## *Eirar hjúkrunarheimilis, Landspítala-háskólasjúkrahúss og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um endurhæfingu aldraðra*

Eir hjúkrunarheimili, Landspítali-háskólasjúkrahús (LSH) og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gera með sér samstarfssamning sem tekur annars vegar til meðferðar og endurhæfingar aldraðra sjúklinga frá LSH sem leitað hafa þangað vegna beinbrota og hins vegar til meðferðar og endurhæfingar einstaklinga eldri en 75 ára sem farið hafa í liðskiptaaðgerð.

### **Markmið**

Með samstarfssamningi þessum áforma aðilar að stuðla að betri nýtingu sjúkrarúma með því að;

- bjóða öldruðum sjúklingum sem leggjast inn á LSH vegna brota á lærleggshálsi, upphandlegg, mjaðmagrind, samfallsbrota á hrygg og til liðskiptaaðgerðar endurhæfingar- og hjúkrunardvöl á Eir hjúkrunarheimili eftir að greiningu og bráðameðferð er lokið á LSH.

### **Forsendur**

Á hverjum degi leitar fjöldi sjúklinga til LSH vegna margvíslegra brota og vegna liðskiptaaðgerða. Endurhæfing aldraðra tekur nokkrar vikur eftir að bráðameðferð slíkra brota lýkur en ekki er nauðsynlegt að öll endurhæfingin fari fram á LSH. Samstarfssamningurinn tekur mið af ákvæðum 1. greinar laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 þar sem kveðið er á um að aldraðir skuli eiga vöð á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast miðað við þörf og ástand hins aldraða. Samstarfssamningurinn stuðlar einnig að því markmiði að alltaf séu næg rými tiltæk fyrir bráðaþjónustu LSH

### **Framkvæmd**

Samkomulag er um að haga samstarfinu á eftirfarandi hátt:

1. Eir hjúkrunarheimili mun taka við öldruðum sjúklingum frá LSH sem þurfa framhaldsmeðferð og endurhæfingu vegna brota á lærleggshálsi, upphandlegg, mjaðmagrind, samfallsbrota á hrygg eða vegna liðskiptaaðgerðar. 12 rými á Eir verða skilgreind í þetta verkefni. Ákvörðun um að bjóða einstaklingi endurhæfingarrými á Eir er í höndum fulltrúa útskriftar- og öldrunarteymis LSH í samráði við fulltrúa Eirar.
2. Ef einstaklingar í endurhæfingu á Eir þarfnast bráðainnlagnar mun LSH taka við þeim einstaklingum og kalla til vakthafandi sérfræðing þeirrar deildar sem viðkomandi sjúklingur útskrifaðist frá ef um sama sjúkdóm er að ræða. Að öðrum kosti nýtur viðkomandi sömu þjónustu og aðrir er leggjast inn á LSH vegna bráðra veikinda.

3. Einstaklingar sem leggjast inn á Eir frá LSH skulu hafa meðferðis nýjar niðurstöður úr viðeigandi blóðrannsóknnum og samanburðarmynd af broti.
4. Ef einstaklingur sem dvelur á Eir í endurhæfingu getur ekki útskrifast heim skal hann njóta sama forgangs inn á hjúkrunarheimili og aðrir sjúklingar á LSH.
5. Fulltrúar Eirar og LSH munu reglulega fara yfir framkvæmd verkefnisins.
6. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið lætur Eir í té viðbótarfjármagn umfram daggjald fyrir hjúkrunarrými að upphæð 4.967 kr. á dag fyrir hvern einstakling til að mæta kostnaði við viðbótarmönnun sem þessi starfsemi krefst.
7. Lyfja- og rannsóknarkostnaði verður haldið sérstaklega til haga og hann skoðaður í ljósi reynslu af starfseminni. Verði um að ræða verulegan kostnaðarauka miðað við meðal lyfja- eða rannsóknarkostnað í hjúkrunarrými á Eir verður liður 6 í samstarfssamningnum tekinn til skoðunar í því ljósi.
8. Þar sem um tilraunaverkefni er að ræða munu aðilar samstarfssamningsins fara yfir stöðu verkefnisins í október 2007 og í maí og október 2008 og verður þá jafnframt tekin afstaða til endurnýjunar samstarfssamningsins.

Samningur þessi tekur gildi 25. apríl 2007 og gildir til 31. desember 2008.

Reykjavík, 25. apríl 2007

---

Siv Friðleifsdóttir  
heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

F.h. Eirar hjúkrunarheimilis

F.h. Landspítala-háskólasjúkrahúss

---

Sigurður Helgi Guðmundsson  
forstjóri

---

Magnús Pétursson  
forstjóri